



►► Nýsköpun – virkjum tækifærin

Opinn fundur um nýsköpunarstefnu SI

Dagskrá



Opnunarávarp

- ▶ **Guðrún Hafsteinsdóttir**
formaður SI



Nýsköpunarlandið Ísland

- ▶ **Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri SI



Nýsköpunarstefna SI

- ▶ **Sigríður Mogensen**
sviðsstjóri hugverkasviðs SI



Patent Box

- ▶ **María Bragadóttir**
fjármálastjóri Efni



Pallborðsumræður

- ▶ **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



- ▶ **Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir**
framkvæmdastjóri Marel á Íslandi



- ▶ **Frosti Ólafsson**
forstjóri ORF Líftækni



Fundarstjóri

- ▶ **Jóhanna Vigdís Arnardóttir**
verkefnastjóri í menntamálum hjá SI



► Opnunarávarp

Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður SI



► Nýsköpunarlandið Ísland

Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Íslenskur iðnaður er fjölbreyttur

Nauðsynleg undirstaða velmegunar

- Samtök iðnaðarins eru **stærstu og öflugustu** samtök atvinnurekenda á Íslandi og mynduð af um 1.400 fyrirtækjum og sjálfstæðum atvinnurekendum



Iðnaður skapar
fjórðung landsfram-
leiðslunnar



Einn af
hverjum fimm
starfa í iðnaði



Iðnaður
skapar 30%
gjaldeyrstekna

Samstarf og stuðningur í verki



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR



Framtíðarsýn um aukna samkeppnishæfni



Öll skip hækka á flóði

Verðmæti og bætt lífsskjör verða til með aukinni samkeppnishæfni





Viðfangsefni sem varða samfélagið allt

Iðnaður leggur til lausnir



Öldrun þjóða

Hvetur til þróunar í velferð, heilbrigðis- og líftækni.



Fjórða iðnbyltingin

Hvetur til nýtingar nýrrar tækni og gervigreindar.




Umhverfis- og loftslagsmál


Hvetur til nýsköpunar í grænni tækni og endurnýjanlegum orkugjöfum.

Ísland 2050: tvöfalt stærra hagkerfi

Útflutningsverðmæti þarf að ríflega tvöfalda

Mynd 1.
ÍSLAND 2018 OG 2050





Nýsköpunarlandið Ísland




► Nýsköpunarstefna SI

Sigríður Mogensen
sviðsstjóri hugverkasviðs SI


Ísland dregst aftur úr í nýsköpun

Ísland fellur um 10 sæti á milli ára samkvæmt nýsköpunarmælikvarða





Ísland dregst aftur úr í nýsköpun

Ísland fellur um 10 sæti á milli ára samkvæmt nýsköpunarmælikvarða



Fjórar stoðir öflugs nýsköpunarumhverfis

Skilyrði til nýsköpunar á Íslandi verði með því besta sem þekkist





Markmið 1

Auka fjárfestingu í rannsóknum og þróun og framboð áhættufjármagns til vaxtarfyrirtækja



Hugvit og nýsköpun verða drifkraftar framfara á 21. öldinni

Yfirferð á stuðningsumhverfi nýsköpunar hjá 45 ríkjum sýnir að þau eru heilt yfir að efla skattahvata

Fjárfesting í R&D þarf að aukast mikið

Fjárfesting í R&D sem hlutfall af VLF er undir markmiði



Fjárfesting í R&D og framboð áhættufjármagns er forsenda þess að nýsköpun dafni á Íslandi

1

Hvatar

- **Efla hvata** fyrirtækja til að stunda R&D með hækkun þaks og endurgreiðsluhlutfalls

Umgjörð

- **Horfa til Bretlands við mótun skattaumgjörðar** vegna fjárfestinga í óskráðum fyrirtækjum

Patent box

- Innleiða **patent box** til að hvetja til nýsköpunar og skráningar á hugverkum



Markmið 2

Auka framboð af sérfræðingum

Aðgangur að hæfu starfsfólki lykilforsenda

Skortur á hæfu starfsfólki takmarkar vöxt hátækni- og hugvitsfyrirtækja



Menntakerfið þarf að styðja við sýn um hugvitsdrifið atvinnulíf en einnig þarf að huga að umgjörð fyrir erlenda sérfræðinga

2

Skattaávilnanir

- **Auka skattaávilnanir** og endurskoða skilgreiningar

Umsóknarferli

- **Einfalda umsóknarferli** með atvinnuleyfi

Upplýsingar

- Ein **upplýsingagátt**



Markmið 3

Einfalda og efla stuðningsumhverfi

Stuðningskerfi endurskoðað í heild sinni

Rúmlega 13 milljörðum varið í nýsköpunarumhverfið í dag



Stuðningur hins opinbera í gegnum beina styrki og rekstur stofnana á að byggja á skýrri stefnu og langtíamarkmiðum

3

Hlutverk

- **Kortleggja** hlutverk og árangur stofnana

Sameiningar

- Skoða tækifæri á **sameiningum**

Ferli

- Endurskoða **ferli styrkja og endurgreiðslna**



Markmið 4

Efla kynningar- og markaðsstarf

Ísland sem áfangastaður nýsköpunar

Óþarflega flókið að afla upplýsinga um löggjöf og skilyrði til nýsköpunar hér á landi



Einfalda og samrýma þarf upplýsingagjöf um nýsköpunarumhverfið og efla kynningar- og markaðsstarf

4

Aðgengi

- **Aðgengi að upplýsingum** stóreflt

Tækifæri

- Kynna verðmæt **tækifæri**

Áherslubreyting

- **Áherslubreyting** í markaðsstarfi



Hugvit og nýsköpun verða drifkraftar framfara á 21. öldinni



► Patent Box

María Bragadóttir
fjármálastjóri Efni

Patent box



Regluverk sem felur í sér skattalega hvata til fyrirtækja sem eiga skráð hugverk.

Upphaflega fól regluverkið í sér skattalega hvata til að skrá **einkaleyfi** en var fljótlega útvíkkað til að ná yfir **skráð hugverk**, ekki aðeins einkaleyfi.

Af þeim sökum velja sumir að tala um **Innovation box**.

Patent box

Margt gott er gert á Íslandi til að styðja við nýsköpun.

Má þar nefna sem dæmi nýlega tvöföldun á viðmiðunarfjárhæðum skattafrádráttar vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar (R&D) nýsköpunarfyrirtækja og skattaafslátt til þeirra sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnur þessa dagana að því að móta Nýsköpunarstefnu Íslands. Skipuð hefur verið nefnd til að vinna tillögur.

Upptaka á Patent box á Íslandi væri rökrétt næsta skref.

Áhrif Patent box

Nýsköpun er ein meginforsenda aukinnar verðmætasköpunar og samkeppnishæfni.

Þekkingarhagkerfið byggir á því að til staðar sé öflugt nýsköpunarstarf og skráð hugverkaréttindi hafa mikla þýðingu þar sem þau drífa áfram verðmætasköpun alþjóðlegra fyrirtækja.

Hlutverk Patent box reglugerða er að **hvetja til fjárfestinga í R&D** sem og **hagnýtingu og varðveislu** nýrrar þekkingar.

Hagnýting og varðveisla nýrrar þekkingar er ekki síður mikilvæg í nýsköpunarferlinu en sjálf þekkingarsköpunin.



Einkaleyfaumsóknir á Íslandi

Dæmin sýna að með upptöku Patent box getum við búið við fjölgun í skráningu hugverka og aukningu í gæðum skráninga.

Fjöldi umsókna um einkaleyfi gefur vísbendingu um hvernig útgjöld til R&D skilar sér í sérþekkingu og sköpun markaðsverðmæta og nýrra starfa.

Samanburður á veitingum einkaleyfa á Íslandi og í öðrum ríkjum leiðir í ljós að færri einkaleyfi eru veitt á Íslandi en í þeim ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Umsóknum sem Einkaleyfastofunni bárust frá íslenskum aðilum vegna tæknilegra uppfinninga hefur **fækkað um 40%** frá árinu 2007 til ársins 2017.



Samkeppni þjóða

Patent box laða til landa þekkingarfyrirtæki sem starfa á alþjóðamörkuðum.

Sumir myndu segja að Patent box séu ekki síst leið þjóða til þess að keppa innbyrðis um nýsköpunarfyrirtæki sem gjarnan bjóða upp á vel borguð störf og verðmæta framleiðslu.

Hugverk eru í eðli sínu færanleg, þau byggja ekki á auðlindum þjóða. Af þeim sökum geta þessi fyrirtæki borið saman lönd og hagkerfi og sett höfuðstöðvar sínar þar sem aðstæður til nýsköpunar eru bestar.

11 Evrópusambandsríki hafa þegar tekið upp Patent Box. Má þar nefna Bretland, Holland, Belgíu, Frakkland, Írland, Spán og Ítalíu. Önnur lönd eru t.d. Kína og Kórea.

Hvaða tekjur falla undir Patent box?

Almennt gildir að skattaívilunin nær yfir tekjur af skráðum hugverkum, sem að koma frá a.m.k. einu af eftirfarandi:

- Sölutekjur af einkaleyfisvarinni vöru, eða sölutekjur vöru sem fela í sér skráðu uppfinninguna.
- Tekjur af leigu á réttindum til þriðja aðila.
- Sala á réttindum til þriðja aðila.
- Dæmdar bætur vegna brota þriðja aðila á hugverkavörðum réttindum eða tryggingabætur.
- Sértækar tekjur, t.d. tekjur af sölu lyfja með markaðsleyfi í viðkomandi landi eða af höfundarréttarvörðum hugbúnaði.

Gagnrýni á Patent box

Patent/innovation box hafa verið gagnrýnd fyrir að stuðla að tilfærslu hagnaðar frá einu landi til annars vegna skattafríðinda, án þess að stuðla að fjárfestingum í R&D.

Brugðist hefur verið við þessu í löndum Evrópusambandsins með því að tengja lægri skattprósentu við svokallaðan „nexus factor“ (eigin R&D útgjöld deilt með heildarútgjöldum).

The „**modified Nexus approach**“ felur í sér tengingu á milli þess svæðis sem rannsóknir og þróun á sér stað, og þess lands sem veitir skattaafsláttinn.

Patent box með þróunarákvæði

Patent box með þróunarákvæði örva fjárfestingar í rannsóknir og þróun.

Skattalegir hvatar geta komið til áhrifa við upphaf nýsköpunarferilsins (R&D).

Skattalegir hvatar geta einnig komið til við lok nýsköpunarferilsins þ.e. á þeim tíma sem fyrirtækið hagnast á sölu vöru eða þjónustu sem byggir á skráðu hugverki og er Patent box dæmi um það.

Markmiðið er að hvetja til rannsókna, þróunar og hagnýtingar þeirrar þekkingar sem til verður í því landi sem veitir skattaávilunina. Í því felst fjölgun á verðmætum hátæknistörfum.

Patent box með þróunarákvæði



Þróunarskilyrðin tengjast eftirfarandi þáttum:

- Hvort fyrirtækið sjálft eða tengdur aðili hafi þróað hugverkið.
- Hvort fyrirtækið sem þróaði hugverkið sé enn hluti af samstæðunni sem umsækjandinn tilheyrir.
- Hvort þróunin hafi tekið meira en 12 mánuði.

Fyrirtækið þarf þó ekki að hafa framkvæmt alla þróun innanhúss, en átt mikilvægan þátt í þróuninni.

Fyrirtæki sem leigja inn einkaréttindi á tilteknu svæði frá þróunaraðila geta fengið skattaafslátt í gegnum Patent box.

Patent box

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á Patent box sem rökrétt næsta skref til eflingar á nýsköpunarumhverfinu á Íslandi.

Patent box á Íslandi:

1. Í boði til allra þeirra fyrirtækja sem hafa hagnað af skráðum hugverkum.
2. Í boði til fyrirtækja sem annað hvort eiga hugverk eða sem hafa leigt inn réttindi til að nýta skráð hugverk á tilteknu svæði.
3. Í boði fyrir fyrirtæki sem fjárfesta í nýsköpun og þróun.

Upptaka á Patent Box á Íslandi

Til staðar eru reglugerðir sem þegar hafa hlotið grænt ljós hjá OECD og Evrópusambandinu.

Þær eru ekki taldar fela í sér skattalega hvata sem eru skaðlegir samkeppni.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á jákvæðum áhrifum upptöku Patent box.

Settar hafa verið fram leiðir til að tryggja jákvæð áhrif á R&D.

Til eru margar góðar fyrirmyndir t.d. frá Bretlandi og Hollandi.

Við þurfum ekki að finna upp hjólið, fullkomnum það.



Takk fyrir!



Pallborðsumræður

- ▶ **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



- ▶ **Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir**
framkvæmdastjóri Marel á Íslandi



- ▶ **Frosti Ólafsson**
forstjóri ORF Líftækni





►► Nýsköpun – virkjum tækifærin

Opinn fundur um nýsköpunarstefnu SI